

22. mars 2013

Formaður SVP: Innistæðulausir kjarasamningar skaðlegir

- Gagnrýndi harðlega vinnuaðferðir við kjarasamninga.
- Stefnum aftur í vítahring kjarasamninga sem ekki er innistæða fyrir
- Næstu kjarasamningar þurfa að grundvallast á innistæðu í stað óskhyggju

Á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu, sem fram fór í gær, gagnrýndi Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu harðlega vinnuaðferðir við kjarasamninga. „Íslendingar verða að komast út úr því að einblína á prósentuhækkanir en horfa í staðinn á kaupmáttinn,“ segir Margrét.

Margrét telur að næstu kjarasamningar þurfi að vera grundvallaðir á innistæðu í stað óskhyggju og sendi í ræðu sinni þau skilaboð til forystu ASÍ að lítið mál sé að stöðva verðhækkanir, svo lengi sem sköpuð séu skilyrði stöðugleika. „Á meðan gerðir eru samningar sem ekki er innstæða fyrir, lagðar eru á auknar skattheimtur á borgara og gjaldmiðillinn heldur verðgildi sínu verr en Matadorpeningur þá verða afleiðingarnar alltaf verðhækkanir, sem aftur grafa undan öllum kjarasamningum sem gerðir eru,“ sagði Margrét í ræðu sinni á Grand Hótel.

Upplýsingar gefur Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri s. 820 4500